



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2022

ÍPRG3HA03 Handknattleikur

Kennari: Ásdís Björg Ingvarsdóttir **ÁBI**

Áfangalýsing

Í áfanganum eiga nemendur að læra að kenna börnum og unglingum undirstöðuatriði í handknattleik. Í byrjun verður farið í minnibolta sem er undirstaða fyrir leikinn sjálfan. Lögð er áhersla á kennslu í knattækni og leikfræði fyrir byrjendur. Farið er yfir reglur og stefnt að því að nemendur öðlist ákveðna grundvallar færni í greininni. Farið er yfir helstu atriði í þjálffræði barna og mikilvægi þess að leikurinn sé greindur sundur í smáar einingar og leikæfingar. Áfanginn er bæði bóklegur og verklegur. Nemendur æfa sig í að kenna hvort öðru undirstöðuatriði í handknattleik.

Undanfari: ÍPRF2PJ05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- minnibolta og handknattleik
- handknattleiksreglum
- ýmsum æfingum sem henta í þjálfun barna í handknattleik
- helstu þjálfunaraðferðum í handknattleik

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni til að:

- kenna leikfræði handknattleiks
- beita flautu og dæma handknattleik
- sýna grunnfærni í handknattleik

Hæfniviðmið

Að þessum áfanga loknum á nemandi að geta:

- kennt leikfræði handknattleiks
 - beitt flautu og dæmt handknattleik hjá börnum
 - sýnt grunnfærni í handknattleik
-

Námsmat

1. Bóklegt próf	30%.
2. Verklegt	30%.
3. Kennsla og tímaseðill	30%.
4. Verkefni	10%.

ÁÆTLUN UM YFIRFERÐ OG KENNSLU Á ÖNNINNI

Vika 2	B: Farið yfir kennsluáætlun og reglur.
Vika 3	B: Reglur – tímaverkefni – Hvað þarf að hugsa um í kennslu barna? V: Leikir – softball
Vika 4	B: Knatttækni – skot og skotabrigði – markmaður V: Kasta/grípa – knattrak og knatttækni
Vika 5	B: Varnarleikur – Verkefni 1 (tímaseðill) V: Varnarleikur (staða og hreyfing)
Vika 6	B: Sóknarleikur – hraðaupphlaup – innleysingar V: Sóknarleikur – hraðaupphlaup
Vika 7	B: Tímaverkefni - Verkefni 2 – skila Verkefni 1 V: Leikskipulag – spil
Vika 8	V: Nemendur kenna
Vika 9	V: Nemendur kenna – Skila Verkefni 2
Vika 10	V: Nemendur kenna
Vika 11	V: Nemendur kenna
Vika 12	V: Nemendur kenna
Vika 13	V: Nemendur kenna
Vika 14	V: Nemendur kenna
Vika 15	V: Páskafri 😊
Vika 16	V: Spil – softballmót
Vika 17	V: Spil – mót (4.fl. og upp)
Vika 18	B: Próf

ATHUGASEMDIR OG SKÝRINGAR

1. Verkefnum á að skila á réttum tíma. Sé verkefni skilað of seint lækkar einkunn um 0,5 fyrir hvern dag sem líður umfram skiladag.
2. Æskilegt er að nemendur eigi sjálfir flautu.